
Leirlist á Íslandi:

Þessi listgrein hefur staðið í skugganum

– segir Eiríkur Þorláksson sýningarstjóri Leirlistar á Íslandi sem opnuð verður að Kjarvalsstöðum á laugardaginn


„Þarna eru um 20 sýnendur leirlistar og fyrstu gripirnir eru frá 1930, hógværir byrjunargripir, litlir



Verk eftir frumkvöðul leirlistar á Íslandi, Guðmund frá Miðdal.

og nettir sem eru í eigu Þjóðminjasafnsins. Sýningin spannar feril hinna elstu og síðan þeirra sem á eftir koma alveg fram á síðustu ár," sagði Einar Þorláksson gestasýningarstjóri Kjarvalsstaða í samtali við Alþýðublaðið.

Eiríkur stjórnar sýningunni Leir-




Sýnishorn af verkum Ragnars Kjartanssonar.

list á Íslandi sem opnuð verður að Kjarvalsstöðum á laugardaginn. Sýningin er haldin í Vestursal og Miðsal hússins.

Eiríkur Þorláksson var spurður um upphaf leirlistar hér á landi.

„Það má segja að hún hefjist árið 1930. Árið áður kom hingað fyrsti leirbrennsluofninn sem Guðmundur Einarsson frá Miðdal lét smíða fyrir sig í München og kom með hingað um vorið. Fyrsta brennslan er skráð í nóvember 1929 og 1930 er þetta komið á fullt skrið. Það er því innan við mannsævi frá því að leirbrennsla hófst hér á landi. Guðmundur var frumkvöðull leirlistar og Listmunahúsið sem hann rak sína leirmunagerð í var eina fyrirtækið á þessu sviði um langt árabil, eða allt fram til 1948. Það lærðu hjá honum ýmsir sem síðar áttu eftir að verða gjaldgengir í þessu svo sem Ragnar Kjartansson sem 1948 stofnaði ásamt fleirum leirmunagerðina Funa og Gestur og Rúna stofnuðu Laugarnesleir. Sonur Guð-




Gestur og Rúna létu snemma að sér kveða í leirlist.

mundar, Einar, tók við Listmunahúsinu og rekur það enn," sagði Eiríkur.

-Hefur verið gróska í leirlistinni hér frá upphafi?


„Já, það hefur verið það. Kennsla í leirlist hefst í Myndlista- og handíðaskólanum 1969 og þeim fjölgað sem leggja stund á þessa listgrein. Guðmundur frá Miðdal kemur með sérlslensk verk inn í þetta og allir þekkja snjótittlingana hans og aðra smáfugla, falleg ker og fleira sem verða hér á sýningunni. Það er svo með Ragnari og Gesti og Rúnu sem nútímalistin kemur inn í þetta sem mótív og viðfangsefni líka. Síðustu áratugina eru mörkin á milli leirlist-



Vasi eftir Kolbrúnu Kjarval.


-Leirlistin er líka nytjalist að hluta?

„Jú, það hefur verið svo frá upphafi. Guðmundur frá Miðdal sótti um styrk til Alþingis til að koma brennslunni á stað á sínum tíma og þar var orðið listiðn nokkuð algengt í málflutningi. Þarna yrði lista-



Kristín Ísleifsdóttir gerði þessi verk.

mönnum gefinn kostur á að vinna að list sinni og gerð nytjagripa sem síðan hafa orðið algengir. Það hefur alltaf verið hluti af þessu og nokkur dæmi hér af slíkum gripum. Það hefur að vísu lítið varðveist alveg



Unnið að uppsetningu sýningarinnar að Kjarvalsstöðum.



Styttur eftir Kristjönu Samper.

heilt af því sem Guðmundur frá Miðdal gerði, en frá Ragnari Kjartanssyni og alveg síðan. Á einhverju árabili var togstreita í gangi og þótti ekki eins fínt að gera það sem við köllum nytjagripi og önnur listaverk. En ég held að það sé alveg horfið og mjög fallegir nytjagripir sem margt leirlistarfólk er að gera enn í dag. Því miður getur þessi sýning ekki tekið til alls þess en þetta er svona sögulegt yfirlit."

-Er þetta í fyrsta sinn sem slík sýning er haldin?

„Þetta er í fyrsta skipti sem svona stór sýning er haldin. Það voru haldnar sýningar 1979 og 1981 sem hétu Líf í leir og það var leirlistarfólk sem tók sig til og hélt þær sýningar. Þetta var undirbúningur að stofnun Leirlistarfélagsins sem stofnað var 1981 og starfar enn. En þessi listgrein hefur verið svolítið í skugganum af öðru og til dæmis ekki verið safnað af listasöfnum fram á allra síðustu ár," sagði Eiríkur Þorláksson.

Verk eftirtalinna listamanna verða á sýningunni: **Borghildur Óskarsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir, Gestur Þorgrímsson, Guðmundur Einarsson, Guðný Magnúsdóttir, Haukur Dór Sturluson, Helga Jóhannesdóttir, Jóna Guðvarðardóttir, Jónína Guðnadóttir, Kolbrún Björgúlfsdóttir, Kolbrún Kjarval, Kristín Ísleifsdóttir, Kristjana Samper, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Ragna Ingimundardóttir, Ragnar Kjartansson, Rannveig Tryggvadótir, Sigrún Guðjónsdóttir, Sóley Eiríksdóttir og Steinunn Marteinsdóttir.**

Sýningin Leirlist á Íslandi verður opin daglega frá 7. janúar til 5. febrúar klukkan 10 til 18. Í Austursal verður á laugardaginn opnuð sýning á verkum Kjarvals.

A-myndir: E.Ól.

Lesandinn skrifar

Ósómi Hallgríms Helgasonar

– frá Sigfúsi Gizurarsyni.

Ágæta ritstjórn.

Tilefni þessara skrifa minna er að finna í jólablaði Alþýðublaðsins sem út kom þann 23. desember síðastliðinn. Þar gefur að líta á miðopnu, Jólasöngbók Alþýðublaðsins, einn mesta ósóma sem birst hefur á prenti síðustu ár. Hallgrímur Helgason heitir sá sem skrifar, og er það með ólíkindum hvernig hann skrumskælir sígildar íslenskar jólavísur.

Nefnum smá dæmi:

Fimmtándi var Barnagikkur
hann barði hart á dyr:
„Mig langaði að hitta ykkur
Þó hefði verið fyr."

Hann elti litlu börnin
alla leið heim.
Og plaffaði þau niður
með pístólum tveim.

Og hann heldur áfram við lagið, Krakkar mínir komiði sæl:

„Hættu þessu röfli og gefðu
okkur gjöf!
Hvað heldurðu að við séum?
Andskotans djöf…"

og,

„Við skulum koma, þetta er
algjört fól.
Fuck you þarna feiti! Jóla
asshole."

Eins og sjá má er þetta alls ekki slíkum prýðisfjölmiðli, sem Alþýðublaðið er, til framdráttar að birta slíkt á prenti og síst af öllu daginn fyrir aðfangadag.

Ég vona að þetta hafi verið einhver mistök sem komi ekki fyrir aftur.

Virðingarfyllst,
Sigfús Gizurarson,
Ægisgrund 20, Garðabæ.

Eftirskrift: Hér um daginn var mér brugðið er ég las leiðara blaðsins sem fjallaði um Jimmy Carter, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Kom þar fram óvægin gagnrýni á persónu hans, og mér fannst sem greinin væri skrifuð af meira kappi en þekkingu á raunverulegum staðreyndum málsins.



„Þar gefur að líta á miðopnu, Jólasöngbók Alþýðublaðsins, einn mesta ósóma sem birst hefur á prenti síðustu ár."